

## Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjaness föstudaginn 22. desember í máli nr. Y-8/2006:

**Eiríkur Benediktsson**

*(Hilmar Ingimundarson hrl.)*

**gegn**

**Landsbanka Íslands hf.**

*(Ólafur Helgi Árnason hdl.)*

Mál þetta var þingfest 18. október og tekið til úrskurðar 12. desember sl.

Sóknaraðili er Eiríkur Benediktsson, Selsvöllum 3, Grindavík en varnaraðili er Landsbanki Íslands hf.

Sóknaraðili krefst þess að ógilt verði aðfarargerð nr. 034-2005-01662 sem gerð var hjá sýslumanninum í Keflavík 29. maí 2006 í 50% eignarhlut í fasteigninni Selsvöllum 3, Grindavík. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að hafnað verði kröfu sóknaraðila um ógildingu aðfarargerðarinnar og að sóknaraðili verði úrskurðaður til að greiða varnaraðila málskostnað.

## I.

Þann 29. maí 2006 var tekin fyrir hjá sýslumanninum í Keflavík beiðni varnaraðila um fjárnám hjá sóknaraðila til tryggingar skuld að fjárhæð 1.578.665 krónur. Til grundvallar beiðninni var skuldarbréf útgefið 31. júlí 2003 af Albatros ehf. - golfverslun, Strandgötu 33, Hafnarfirði til varnaraðila, upphaflega að fjárhæð 1.500.000 krónur, sem greiða skyldi með 72 afborgunum á eins mánaða fresti, í fyrsta skipti 4. september 2003. Skuldabréfið var með sjálfskuldarábyrgð tveggja einstaklinga, Björns U. Sigurbjörnssonar og sóknaraðila. Þann 1. október 2004 undirrituðu aðalskuldari og sjálfskuldarábyrgðarmenn viðauka við skuldabréfið þar sem skuldskeyting fór fram með þeim hætti að Albatros ehf. tók yfir skuldina úr hendi Albatros ehf. - golfverslun. Undir þessa skuldskeytingu skrifuðu áður nefndir ábyrgðarmenn, Björn U. Sigurbjörnsson og sóknaraðili.

Vanskil urðu á greiðslu skuldabréfsins og fór það í innheimtu í samræmi við efni þess. Árangurslaust fjárnám var gert hjá aðalskuldara 25. janúar 2006 og félagið úrskurðað gjaldþrota 7. apríl 2006. Fjárnám var gert hjá sóknaraðila 29. maí 2006 og mætti hann sjálfur við gerðina og mótmælti kröfu varnaraðila. Krafðist hann þess að skuldin yrði felld niður en á það var ekki fallist af hálfu varnaraðila.

## II.

Sóknaraðili byggir kröfu sína á því að varnaraðili hafi ekki upplýst sóknaraðila um greiðslugetu greiðandans eins og varnaraðila hafi borið að gera samkvæmt sérstöku samkomulagi sem Samtök banka og verðbréfafyrirtækja, Samband íslenskra sparisjóða, Neytendasamtökin og viðskiptaráðherra hafi gert um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Sóknaraðili hafi talið sig vera að ganga í ábyrgð fyrir einstaklinginn Björn U. Sigurbjörnsson en ekki fyrir fyrirtæki.

Sóknaraðili vísar einnig til laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, einkum til 5. gr. laganna.

Sóknaraðili telur það ekki hafa verið við hæfi að varnaraðili skyldi samþykkja einstakling sem ábyrgðarmann hjá fyrirtæki en sóknaraðili sé með meðaltekjur. Fyrirtækið hafi hins vegar verið með tug milljóna króna skuldir á bakinu.

Ennfremur byggir sóknaraðili á því að skuldin sé ógild með vísan til 33. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 3. gr. laga nr. 11/1998.

Loks byggir sóknaraðili á því að varnaraðili hafi ekki lagt fram fullnægjandi skuldaskjöl við fjárnámið þar sem ljósrit skuldabréfsins hafi verið lagt fram en ekki frumrit.

Af hálfu varnaraðila er á því byggt að fjárnámið hafi verið gert í samræmi við ákvæði skuldabréfsins þar sem fram komi að gera megi fjárnám fyrir gjaldfallinni fjárhæð án undangengins dóms eða réttarsáttar samkvæmt 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989. Skýr aðfararheimild liggja því fyrir.

Varnaraðili hafnar því að áður nefnt samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga eigi við í málinu þar sem þetta samkomulag nái einvörðungu til ábyrgða einstaklinga á skuldum annarra einstaklinga, sbr. 2. mgr. 2. gr. samkomulagsins. Samkomulaginu sé hins vegar ekki ætlað að ná til ábyrgða einstaklinga á skuldum fyrirtækja.

Fyrir liggir að sóknaraðili hafi ekki gert athugasemdir við undirritun skuldabréfsins eða við undirritun skuldskeytingar síðar.

Varðandi þau rök sóknaraðila að hann hafi ekki gert sér grein fyrir að hann hafi verið að gangast í ábyrgð fyrir fyrirtæki, bendir varnaraðili á að það hafi vart farið á

milli mála hver hafi verið skuldarinn. Við skuldskeytinguna hafi það einnig komið skýrt fram hver hafi verið skuldari.

Tilvísun sóknaraðila til 5. gr. nr. 57/2005 standist ekki skoðun. Í fyrsta lagi hafi lög þessi verið sett eftir að sóknaraðili hafi undirritað skuldabréfið með sjálfskuldarábyrgð sinni og einnig eftir að hann hafi undirritað skuldskeytinguna. Í öðru lagi taki löginn ekki til ábyrgðarloforðs eins og hér sé til umfjöllunar.

Þá telur varnaraðili ekki ljóst hvað sóknaraðili eigi við með tilvísun sinni til 33. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 3. gr. laga nr. 11/1986 enda hafi sóknaraðili ekki rökstutt þessa tilvísun sína.

Varnaraðili hafnar þeirri skoðun sóknaraðila að fjárnáminu hafi verið áfátt vegna þess að frumrit skuldabréfs hafi ekki verið lagt fram. Miða beri við að sýslumaður hafi metið aðfararbeiðni varnaraðila fullnægjandi og engin athugasemd hafi komið fram af hálfu sóknaraðila um þetta efni er fjárnámið fór fram.

### III.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram að varnaraðili hefði átt að upplýsa sóknaraðila um greiðslugetu aðalskuldara og vísar sóknaraðili í því sambandi til samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga en að þessu samkomulagi stóðu Samtök banka og verðbréfafyrirtækja, Samband íslenskra sparisjóða, Neytendasamtökin og viðskiptaráðherra af hálfu stjórnvalda og tók samkomulagið gildi 1. nóvember 2001. Þetta samkomulag felur ekki í sér reglur um ábyrgð á skuldum fyrirtækja eins og sóknaraðili gengur út frá í málatilbúnaði sínum heldur einungis um ábyrgðir á skuldum einstaklinga. Þessi málsástæða sóknaraðila kemur því ekki til álita í málinu.

Sóknaraðili byggir á því að hann hafi ekki gert sér grein fyrir að hann væri að ganga í ábyrgð fyrir fyrirtækið Albatros ehf. – golfverslun heldur hafi hann talið sig vera að ganga í ábyrgð fyrir einstaklinginn Björn M. Sigurbjörnsson sem var með prókúru fyrir félagið og jafnframt sjálfskuldarábyrgðarmaður. Talið verður að starfsmenn varnaraðila hafi með réttu mátt gera ráð fyrir að sóknaraðili hefði sinnt þeirri lágmarksskyldu að kynna sér efni skuldabréfsins sem hann var að undirrita og jafnframt kynna sér hver væri aðalskuldari samkvæmt skuldabréfinu. Starfsmenn varnaraðila máttu því gera ráð fyrir að sóknaraðili gerði sér grein fyrir að aðalskuldari væri fyrirtæki en ekki einstaklingur.

Sóknaraðili byggir á því að 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins eigi við í málinu. Ekki verður fallist á með sóknaraðila að þessi lög taki til ábyrgðarloforðs þess sem hér er til meðferðar en auk þess höfðu löginn ekki tekið gildi er umrædd ábyrgð stofnaðist.

Ekki verður heldur talið að sóknaraðili hafi sýnt fram á að það sé óheiðarlegt af hálfu varnaraðila að innheimta skuldabréfið hjá sóknaraðila og eiga því ákvæði 33. gr. laga nr. 7/1936 ekki við í málinu.

Loks er það málsástæða af hálfu sóknaraðila að fullnægjandi skuldaskjöl hafi ekki verið lögð fram hjá sýslumanni í Keflavík við fjárnámið þar sem ljósrít skuldabréfs hafi verið lagt fram en ekki frumritið sjálft. Fyrir liggur í málinu að varnaraðili tilkynnti sýslumanni við fjárnámið að frumrit skuldabréfsins væri hjá sýslumanni í Hafnarfirði. Engin mótmæli komu fram við fjárnámið af hálfu sóknaraðila varðandi þetta atriði. Í 2.mgr. 10. gr. aðfararlaga nr. 90/1989 er kveðið á um að frumrit viðskiptabréfs skuli fylgja aðfararbeiðni þegar krafist er fullnustu kröfu samkvæmt 7. eða 8. tl.1. mgr. 1. gr. Í greinargerð með þessu ákvæði segir að þetta sé nauðsynlegt vegna heimilda sem fylgt geti handhöfn viðskiptabréfa samkvæmt almennum reglum. Samkvæmt 17. gr. laganna kannar sýslumaður sjálfstætt hvort aðfararheimild sé í lögmætu formi. Fram er komið í málinu að þegar frumrit skuldabréfs er í höndum annars sýslumanns, en þess sem beiðst er fjárnáms hjá, aflar sýslumaður upplýsinga um stöðu skuldabréfsins áður en fjárnám er gert. Þar sem engin mótbára kom fram við fjárnámið af hálfu sóknaraðila um að búið væri að greiða afborganir af skuldabréfinu, og því hefur reyndar ekki heldur verið haldið fram síðar í málinu að svo hafi verið gert, þykir ekki unnt að fallast á þessa málsástæðu sóknaraðila.

Samkvæmt öllu framansögðu verður kröfu sóknaraðila hafnað og umrædd aðfarargerð staðfest.

Eftir þessum málsúrslitum verður sóknaraðili úrskurðaður til að greiða varnaraðila málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 100.000 krónur.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan:

### **ÚRSKURÐARORÐ:**

Staðfest er fjárnám, að fjárhæð 1.578.665 krónur, samkvæmt aðfarargerð númer 034-2005-01662, sem fram fór hjá sýslumanninum í Keflavík 29. maí 2006 í 50% eignarhlut í fasteigninni Selsvöllum 3, Grindavík.

Sóknaraðili, Eiríkur Benediktsson, greiði varnaraðila, Landsbanka Íslands hf., 100.000 krónur í málskostnað.

Gunnar Aðalsteinsson.

Rétt endurrit staðfestir.

Héraðsdómur Reykjaness 20.12.2006